



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 23. september 2021

KYNNINGARBLAÐ

Fortnite-persónur í tiskufatnaði frá Balenciaga. MYND/BALENCIAGA.COM

Balenciaga sýnir hátísku í Fortnite

thordisg@frettabladid.is

Einn vinsælasti tölvuleikur heims, Fortnite, er þekktur fyrir vel klæddar tölvupersónur og hefur lengi lagt línur í klæðaburði ungmenna, danssporum og fleiru. Í vikunni tók Fortnite skrefið lengra til að útvíkka áhrif sín í raunheiminum með samstarfi við hátísku-risann Balenciaga sem selur nú sérhannaðan Fortnite-fatnað í takmörkuðu upplagi. Fortnite-lína Balenciaga kostar vissulega sitt fyrir þá sem vilja klæðast þessari eitursvölu hönnun. Þannig kostar Fortnite x Balenciaga hettupeysa um 95 þúsund íslenskar, stutt-ermabólur 65 þúsund og gallajakki um 170 þúsund krónur.

Gefur tón fyrir framtíðina

Með samstarfinu fá báðir aðilar nokkuð fyrir sinn snúð. Það markar fyrstu hátískuskinn Fortnite og fást fjögur Balenciaga-dress á fjórar vinsælar persónur, þau Doggo, Ramirez, Knight og Banshee.

Frá því í byrjun vikunnar hafa spilarar til dæmis getað unnið sér inn Balenciaga-góss í bakpoka og fengið frí sprengi, en annað þarf að kaupa og er dýrasta flíkin í Balenciaga-verslun leiksins á 1.500 V-Bucks, eða um 1.600 krónur.

Útspil Fortnite og Balenciaga gæti opnað flóðgáttir frekara tiskusamstarfs og ekki ólíklegt að söguhetjur tölvuleikja klæðist ferskri hátísku í framtíðinni. ■



Júlía Stefánsdóttir og Ragnhildur Einarsdóttir taka á móti jurtum frá Hæðarenda og undirbúa þær fyrir þurrkferlið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslensku TARAMAR húðvörurnar hafa unnið til átján alþjóðlegra verðlauna

TARAMAR vörurnar eru þróaðar og framleiddar á Íslandi en þær byggja á þangi og lífrænt ræktuðum jurtum sem koma alls staðar að af landinu. Ár hvert er mikið magn jurta og þangs unnið með sérstökum aðferðum sem gera TARAMAR vörurnar óvenjuvirkar og hreinar. **2**

lifestream

POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

ALOE VERA HREINN SAFI

30 DAGA SKAMMTUR

www.elsus.is

Næturkremið frá TARAMAR hefur farið sigurför um heiminn en þetta sérstaka krem hefur unnið gull- og silfurverðlaun fyrir gæði, hreinleika og virkni í fjórum alþjóðlegum samkeppnum. Næturkremið hlaut meðal annars gullverðlaun í bæði skandinavísku og bresku Global Makeup Awards 2020 og 2021, silfurverðlaun í Green Global Makeup Awards og silfurverðlaun sem besta andlitskremið hjá Free From Skincare Awards 2021, segir Guðrún Marteinsdóttir, annar stofnenda og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Íslenskir neytendur eru svo sannarlega sammála þessum úrslitum og í dag nota hundruð Íslendinga, bæði konur og karlar, þetta krem á hverjum degi.“

Hún segir að þótt næturkremið gagnist vel bæði sem dag- og næturkrem þá hafi grunnhugmyndin að þessari vöru verið að skapa krem sem aðstoðaði við hreinsun og uppbyggingu húðarinnar sem fram fer á nóttunni. „Þannig hjálpar næturkremið húðinni við að losa út úrgangsefnin, draga úr rakatapi, stoppa oxun, styrkja kollagenmyndun og efla bandvefstengingar sem halda hinum mismunandi húðlögum þétt saman.“

Lífvirku efnin vinna með húðfrumurnar

Næturkremið inniheldur útdrætti úr íslensku þangi, lifrænt ræktuðum fjólum og augnfró. „Lífvirku efnin úr þanginu vinna með frumurnar á margvíslegan hátt, meðal annars með því að stoppa niðurbrot á kollageni um leið og þau draga úr oxun og hindra skaðleg áhrif sindurefna. Fjólurnar og augnfróin eru valin í þetta krem því lífvirku efnin í þessum jurtum hafa einstaka getu til að byggja upp raka í húðinni, efla frumuvirkni og styrkja frumuhimnur.“

Auk þessa inniheldur næturkremið ákaflega góð peptíð sem hafa áhrif á tengingar á milli húðlaganna. Peptíðin örva myndun eggjahvítuefnanna integrin og laminin, sem eru mikilvæg í að halda þessum tengingum góðum, bætir Guðrún við. „Þannig er minni hætta á að húðin verði slöpp og fari að síga.“

Samhljómur efna hefur undursamleg áhrif á húðina

Eitt af því sem gerir TARAMAR vörurnar svo sérstakar, að sögn Guðrúnar, er hinn fullkomni samhljómur á meðal hinna náttúrulegu efna sem eru í vörunum. „Margir gera sér ekki grein fyrir því að lífvirkni er hugtak sem



Framleiðsluteymi TARAMAR (frá vinstri): Sólrún Anna Símonardóttir, Ragnhildur Einarsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir, Kristberg Kristbergsson og Júlía Stefánsdóttir. MYND/ÆSEND



Íslensku jurtirnar morgunfrú og rauðsmári eru á meðal þeirra lækningajurta sem gera TARAMAR vörurnar lífvirkar og einstaklega góðar fyrir húðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

stendur fyrir tíðni og orkubirtingu náttúrulegra mólékúla og sameinda.“

Frá því TARAMAR var sett á fót hafa stofnendur þess, Guðrún og Kristberg Kristbergsson, stundað rannsóknir á tíðni náttúrulegra efna. Strax í upphafi var markmið að velja efnin saman þannig að þau mynduðu samhljóm (e. synergy), segir Guðrún. „Þetta er eitthvað sem finnst mjög sjaldan í vörum á markaði og framleiðendur virðast ekki vera meðvitaðir um mikil-

vægi þessara þátta. Þannig má oft sjá efni saman í vöru sem vinna á móti hvert öðru og geta jafnvel dregið úr virkni annarra efna sem sett eru í formúluna. Einnig er algengt að sjá formúlur sem eru samsettar úr gríðarlega miklum fjölda efna sem veldur því að tíðni formúlunnar verður ruglingsleg og jafnvel óþægileg.“

Framkallar ánægju og betri líðan hjá neytendum

Hún segir rannsóknir þeirra

Sindurefni

Sindurefni eru óstöðug efni sem geta valdið skaða á húð og líkama. Þessi efni eru óstöðug því þau vantar rafeindir í ysta hjúp mólékúlanna. Til að vega upp á móti þessu þá ráðast þau á heilbrigða vefi og draga til sín rafeindir frá lifandi frumum og valda þeim um leið skaða. Þessi framgangur verður að keðjuverkun sem veldur enn meiri skaða og hraðar öldrun húðarinnar. Til að stoppa þessa keðjuverkun þarf andoxunarefni. Íslensku þörungarnir eru einstaklega öflugir þegar kemur að þessu en þeir innihalda andoxunarefni sem geta gefið frá sér rafeindir og þannig núllað út áhrif sindurefnanna.

benda til að náttúrulegar vörur sem hafi góðan samhljóm hafi betri virkni og skapi betri líðan hjá neytendum. „Því meira sem við aukum skilning okkar á tíðni og sviði mólékúlanna, því betur erum við í stakk búin til að gera vöru sem í raun heldur uppi samræðum við húðina. Við vitum betur núna að húðin býr yfir sínu eigin hormónakerfi og að efna-skipti yfir húðina byggja meðal annars á örfinum rafboðum í frumuhimnum og innra umhverfi frumanna. Með því að hanna

vöru sem fellur rétt að þessum rafboðum þá nálgumst við hina fullkomnu vöru fyrir húðina. Við teljum að neytendur finni þetta þó þeir geri sér ekki grein fyrir því en við eigum óvenjumargar umsmagnir þar sem fólk talar um hvað vörurnar framkalli mikla velliðan og gleði.“

Hátíðartilboð vegna góðs árangurs

Móttökurnar á TARAMAR vörum og ekki síst næturkreminu hafa verið stórkostlegar. „Við hjá TARAMAR viljum þakka íslenskum neytendum og íslenskri náttúru fyrir allar gjafirnar og þær frábæru undirtektir sem TARAMAR vörurnar hafa fengið hér heima. Með þetta í huga og til að fagna hinum glæsilega árangri sem næturkremið hefur náð á erlendri grund þá verður sérstakt tilboð á heimasíðu TARAMAR, tamarar.is, og hjá Lyfjaveri, Íslandsapóteki og Hagkaup í Kringlunni, Smáranum, Garðabæ og á Akureyri. Tilboðið er þannig að þú kaupir eitt TARAMAR augnkrem og færð með sem kaupauka verðlaunanæturkremið okkar í fullri stærð.“

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



LaSalle
Amsterdam



hjá
Hrafnhildi

Er þínu brussa og klæði mig í samræmi við það



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er ein af þeim stjórnmálakonum sem hafa vakið athygli fyrir sinn persónulega og töffaralega fatastíl gegnum tíðina. Hún hefur kjark, þor og dug til að fara sínar eigin leiðir og skapa sinn stíl sem henni líður best með.

Þorgerður Katrín er fædd í Reykjavík og uppalin í Breiðholti en fór snemma til Hafnarfjarðar að elta ástina sem blómstraði á unglingsárunum. Hún náði ástinni sinni í Hafnarfirði og eiga þau hjónin þrjú börn og hund og ástin blómstrar sem aldrei fyrr. Þorgerður Katrín er menntaður lögfræðingur og starfar í dag sem alþingismaður sem er einmitt starf þar sem klæðaburður er áskorun og ákveðnar kröfur eru gerðar til alþingismanna um klæðaburð.

Fyrsta val eru gallabuxur og bolur Þegar Þorgerður Katrín er spurð hvort hún hafi alltaf haft skoðun á því hvernig fötum hún vilji klæðast segir hún svo ekki vera. „Ég hef ekki haft miklar skoðanir eða áhuga á fötum fyrr en síðari árin. Mér finnst gaman að fylgjast með íslenskri hönnun og gróskunni á þeim vettvangi. Fyrsta val mitt án allra skuldbindinga eru gallabuxur og bolur. Húfur og slár eru líka ómissandi.“
Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?
„Mjög venjuleg í klæðaburði,



„Mér finnst mikilvægt að hvert og eitt okkar fái að vera eins og við kjósum sjálf og líður vel með. Vera frjáls í fatavali – líkt og í lífinu sjálfu – án þess að það kalli á endalausr aðfinnslur,“ segir Þorgerður Katrín. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**



Junge

DÚNÚLPURNAR KOMNAR MEÐ EKTA SKINNI.

SKOÐIÐ LAXDAL.IS

Laxdal er í leiðinni

BERNHARD LAXDAL

SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skippholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is



Þorgerður segist vera hrifin af samfestingum og hér klæðist hún einum slíkum.



Þorgerður Katrín segist oft taka fram kjóla þegar hún fer í vinnuna eða jakka og betri buxur.

gallabuxur, grófir skór eða hvítir íþróttaskór, bolir og alls kyns peysur. Elska rúllukragann. Er kannski ekki alltaf alveg kvenleg í fatavali. Er þínu brussa og klæði mig kannski í samræmi við það.“
Þorgerður Katrín er mikill náttúruunnandi og nýtur þess sem mest að vera í sveitinni með fjölskyldunni og þá er þægilegur fatnaður viðeigandi og hentar best.

Fer tiltölulega snyrtileg í vinnuna Aðspurð segir Þorgerður Katrín það skipta máli að velja klæðnað til að vera í, eftir tilefni. „Mér finnst tilefnið oft skipta máli. Þú klæðir þig eðlilega öðruvísi þegar þú ferð í sveitina eða göngutúra frekar en í vinnuna. Fer tiltölulega snyrtileg í vinnuna og tel skipta máli að sýna Alþingi virðingu og vera ekki drusluleg til fara. Það er hins vegar smekksatriði þannig að það fer bara eftir hverjum og einum. Ég tel til að mynda snyrtilegar gallabuxur ekki stríða gegn óformlegum reglum Alþingis þótt ekki séu allir samála því. Tek þó oft fram kjóla á þeim vettvangi eða jakka og buxur. Sama gildir um leikhús. Hver og einn spilar á sína fiðlu þegar kemur að fötum. Finnst afar gaman að sjá fólk í áhugaverðum klæðnaði og fá hugmyndir á mannamótum. Dáist að hugmyndaflugi marga og sköpunargáfu í samsetningu fatnaðar.“

Góður samfestingur vanmetinn Þegar kemur að vali á sniðum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?
„Já, mér finnst alltaf gaman að góðum samfestingum og svo á kona aldrei nóg af kjólum. Eitt-hvað sem ég vildi alls ekki vera í á mínum fyrri árum. Kjólar leysa mjög margt og eru langflestir þægilegir. Samfestingar eru einnig vanmetnir.
Svo þetta klassíska, ég er veik fyrir skóm, og er víst ekki ein um það.“
Þorgerður Katrín segist halda upp á einstaka flikur og það fari svolitíð eftir árstíðum hvaða flikur eru í uppáhaldi hverju sinni. „Það fer svolitíð eftir árstíðum. Stundum tiltekni samfestingar, stundum gallabuxur og ákveðin lopapeysa. Svo þykir mér alltaf vænt um mökkakápu sem ég splæsti á mig fyrir meira en 20 árum. Nota hana mikið.“

Jarðlitir eru uppáhalds Þorgerður Katrín á mjög erfitt með að nefna einhvern einn uppáhaldshönnuð frekar en einhvern annan. „Mér finnst íslenskir hönnuðir margir hverjir frábærir. Þori vart að byrja að nefna þá af hræðslu við að gleyma einhverjum en fötin frá Steinunni eru afar smekklegr og falleg, það sama gildir um marga

hönnuði hjá Kiosk sem er búð, líka úti á Granda.“
Fyrir utan hönnuðina hér heima á Íslandi finnst henni Massimo Dutti ágætt merki. „Þokkalega ódýrt en margt smart og gott úrval.“
Þegar kemur að litavali, fylgir þú tiskustraumunum hverju sinni eða áttu þér þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?
„Ég sækir alltaf mest í jarðliti. Appelsínugult og svart er síðan alltaf innan seilingar. Og auðvitað bláar gallabuxur.“
Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?
„Grófir brúnir skór með þokkalegum hæl er alltaf fyrsta val yfir daginn. Finnst mikilvægt að eiga hvíta íþróttaskó. Ef það er eitt-hvert skómerki sem ég laðast að þá eru það Chie Mihara og Nike.“
Þegar þú velur þér fylgihluti hvað finnst þér vera ómissandi að eiga í dag?
„Gróf armbönd og flotta lokka.“
Þorgerður Katrín er á því að hver og einn eigi að velja sinn persónulega fatastíl sem viðkomandi líður vel með, það sé fyrir öllu. „Mér finnst mikilvægt að hvert og eitt okkar fái að vera eins og við kjósum sjálf og líður vel með. Vera frjáls í fatavali – líkt og í lífinu sjálfu – án þess að það kalli á endalausr aðfinnslur.“ ■




YEST/YESTA úlpukápa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-60
Verð kr. 26.980

YEST/YESTA Softshel jakki
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-60
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA úlpa
Stærðir 38-58
Verð kr. 22.980

YEST/YESTA Glansúlpa
Stærðir 38-60
Verð kr. 24.980




ZHENZI kjóll
Fæst líka í bláu og svörtu
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

ZE-ZE kjóll
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990

ZE-ZE skyrtukjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 6.990

GOZZIP síð peysa
Fæst líka í kamellit
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980

YEST Ornika essential treggings
Fæst líka í svörtu
Stærðir 36-48
Verð kr. 8.980



SUNDAY náttkjóll
Stærðir 38-52
Verð kr. 7.980

SUNDAY náttföt
Stærðir 38-52
Verð kr. 9.980

ZE-ZE náttkjóll
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð kr. 6.990

ZHENZI náttföt
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-56
Bolur Verð kr. 6.990
Buxur Verð kr. 7.990

LASESSOR
Moomin fjölnota innkaupapokar
Verð kr. 2.590

Vilja láta fötin kalla á sig



Frumlegur fatnaður ein-kennir meðlimi hljómsveitarinnar Skoffin, sem nú vinnur að þriðju plötu sinni. Tveir meðlimir sveitarinnar sýna lesendum úrval úr fataskápum sínum, þar sem notuð föt gegna stóru hlutverki.

Hljómsveitin Skoffin byrjaði sem hugarfóstur söngvarans, lagasmíðsins og gítarleikarans Jóhannesar Bjarka, sem gaf út plötuna Skoffin bjargar heiminum árið 2019. Fljótlega eftir útgáfu hennar má segja að verkefnið hafi breyst í hljómsveit og við bættust þeir Auðunn Orri, Sævar Andri og Bjarni Daniel.

Á síðasta ári gaf sveitin út Skoffin hentar íslenskum aðstæðum, en segja má að tónlist hennar sé nokkurs konar blanda af post-pönki og indírokki. Meðlimir Skoffins leggja mikið upp úr líflegri sviðsframkomu og ekki síður frumlegum fatnaði, sem Jóhannes segir þá einmitt nota til að miðla tónlist þeirra og framkomu betur. „Það sem er helst fram undan hjá okkur næstu mánuði er áframhaldandi vinna við gerð nýrrar plötu með Árna Hjörvari Árnasyni, bassaleikara The Vaccines, en hann tók einmitt upp síðustu plötu okkar.“

Jóhannes og Bjarni sýna hér lesendum inn í fataskápa sína og svara nokkrum spurningum.

Hvernig hefur tiskudhugi þinn þróast undanfarin ár?

Jóhannes: Ég hef lengi haft áhuga á tisku en síðustu ár hef ég nýtt til þess að þróa með mér persónulegan stíl. Ég er farinn að hafa meiri áhuga á betri nýtingu fatnaðar og sjálfbærri framleiðslu í klæðnaði. Að sama skapi hef ég reynt að láta fötin kalla á mig, en ekki öfugt. Mér finnst mikilvægt að finna flík sem ég er tilbúinn til að eiga lengi og er þess virði að viðhalda.

Bjarni: Ég er kannski ekki beint með brennandi áhuga á tisku en hef almennt reynt að velja föt sem hafa tímalauð útlit, þar sem ég vinn mikið með grunnliti og jarðtóna. Yfirleitt reyni ég að hafa þægilegheitin í fyrirrúmi en það eru 2-3 ár síðan ég áttaði mig á því hvað það skiptir miklu máli upp á að líða vel dagsdaglega að vera í þægilegum fötum. Síðan hef ég ekki látið mér detta í hug að kaupa einu sinni smá óþægilega flík.



Jóhannes (t.v.) klæðist Levi's-gallabuxum og Wrangler-peysu. Úlpan er eldgömul ÍTR-úlpa sem hann fann í geymslu. Coca-Cola-trefill og Aldrei fór ég suður húfa. Bjarni er í Sketchers-skóm sem voru keyptir í Verslanahöllinni við Laugaveg. Peysa og Levi's-buxur voru keypt í Rauða krossinum.



Jóhannes (t.v.) er hér í uppáhalds finu fötunum sínum. Flauelsbuxur og rúllukragabólur eru úr Kormáki og Skildi. Jakkinn kemur af nytjamarkaði. Bjarni klæðist buxum og bol úr Rauða krossinum. Vínrauðu Doc Martens-skórnir voru keyptir á flóamarkaði í Dublin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Jóhannes (t.v.) í Levi's-gallabuxum. Levi's-gallajakinn kemur frá bróður hans og er myndskreyttur af Karan Kandhari. Skyrtan er úr kjallara Jörmundar gamla. Bjarni er í bol og Lee-gallabuxum úr Rauða krossinum. Blái jakkinn er eign kærustunnar og Vans-skórnir eru mikið notaðir enda sturlað þægilegir.

Annars er ég líka duglegur að hirða föt af vinum og fjölskyldumeðlimum þegar þeir eru að losa sig við dót.

Bjarni Daniel

Hvar kaupir þú helst fötin þín?
Jóhannes: Ég kaupi fötin mín helst notuð. Helstu verslanir sem ég sæki í eru Rauðakrossbúðirnar, Hertex, Fatamarkaðurinn á Hlemmi og svo kjallarinns hans Jörmundar.

Bjarni: Ég kaupi bara notuð föt og versla mest í Rauðakrossbúðunum. Annars er ég líka duglegur að hirða föt af vinum og fjölskyldumeðlimum þegar þeir eru að losa sig við dót. Það er náttúrulega bæði ódýrasta og umhverfisvænasta leiðin til að eignast föt.

Hvaða litir eru í uppáhaldi?
Jóhannes: Rauður er uppáhaldsliturinn minn, en undanfarið hef ég frekar klæðst jarðlitum. Svo er fátt sem jafnast á við bláar gallabuxur.

Bjarni: Allir litir eru bestir! En ég er búinn að vera að vinna mikið með bláan og brúnan upp á síðkastið.

Áttu minningar um gömul tiskuslys?

Jóhannes: Ég man eftir að hafa spilað tónleika í R6013 þar sem við klæddumst allir svörtum ruslapokum. Það var drasl.

Bjarni: Í nokkur ár gekk ég í þröngum gallabuxum nánast á hverjum degi. Eftir á að hyggja var það hálfgerð tiskuslys, því það var ekki mjög þægilegt og gengur eiginlega gegn einu tiskureglunni minni í dag, sem er að ganga bara í þægilegum fötum.

Hvaða þekktir einstaklingar eru svalir þegar kemur að tisku?

Jóhannes: Ég ætla að segja Briet. Mér finnst stillinn hennar mjög metnaðarfullur og flottur. Svo er það Born in the USA Bruce Springsteen. Einfaldur. Geggjaður.

Bjarni: Ágúst Elí vinur minn er mjög flottur! Mikill töffari og „fellow“ Rauðakrossmaður. Svo finnst mér stelpurnar í Gróu líka vera með mjög „iconic“ stíl.

Hvaða flíkur hefur þú átt lengst og notar enn?

Jóhannes: Það er líklegast svört dressskyrtta sem ég erfði frá afa mínum heitnum.

Bjarni: Ég og systir mín deila forræði yfir brúnni ullarkápu sem pabbi okkar átti þegar hann var í háskólanum í niunni. Hún er allt of stór en mjög hlý og notaleg. Ég hef klæðst henni reglulega í nokkur ár.

Áttu eina uppáhaldsflík?

Jóhannes: Flauelsbuxurnar mínar sem ég fékk í jólagjöf frá systur minni hreppa heiðurinn.

Bjarni: Ég á eina rasistöra svarta hettupeysu sem mér áskotnaðist einhvern tímann. Nota hana nánast daglega sem aukalag yfir veturinn. Svo eru Vans-stríga-skórnir mínir líka búnir að vera ákveðinn fasti í nokkur ár.

Bestu og verstu fatakaupin?

Jóhannes: Grænn síðfrakki frá Jörmundi eru bestu fatakaupin. Stór og sovæskur jakki sem er fullkominn á veturna. Verstu fatakaupin er allt of stór gallaskyrta með skallaörnum á öxlunum. Hún er samt smá geggjuð.


Eyðir þú miklum peningum í föt miðað við jafnaldra þína?

Jóhannes: Ég er nískupúki og þarf helst að vera búinn að ákveða með miklum fyrirvara hvað mig vantar. Svo er auðvitað miklu hagkvæmara að kaupa notað.

Bjarni: Ég eyði alls ekki miklum pening í föt og kaupi bara notuð föt, sem er auðvitað miklu ódýrara en að kaupa ný föt. ■

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:



- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóskef og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættari starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Dior FOREVER

THE EXTRAORDINARY FOUNDATION

97% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU
MÆLTU MEÐ DIOR FOREVER VIÐ AÐRA¹.

95% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU STAÐFESTU AÐ DIOR FOREVER
ENDIST LENGUR Á EN FARÐINN ÞEIRRA¹.

98% ÞEIRRA SEM PRÓFUÐU STAÐFESTU
AÐ DIOR FOREVER FULLKOMNI ÁSÝNDINA¹.

N°1
DIOR FOUNDATION²



Dior dagar í Lyfjum & heilsu Kringlunni dagana 23. – 26. sept. - 20% afsláttur

Fallegur kaupauki ef keyptar eru Dior vörur fyrir 9.500 kr. eða meira.

 Lyf & heilsa

¹ TEST ON 66 WOMEN, AFTER ONE WEEK OF USE, ON DIOR FOREVER. ² WORLDWIDE DIOR SALES, 2018/2019.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

**KRÓKUR**

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbóðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Honda CR-V Executive 5/2016
Ekinn 97 þ. Km. Flottasta type með
Leðurinnréttingu glerþaki Og öllum
lúxus. Einn eigandi frá upphafi. Verð:
3.750.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málara

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndisímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003



VÖRUKAUP

Burðarvirki úr límtré, þak- og veggeiningar

EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Öryggisfjarskipta ehf, leitar eftir þátttökubeiðnum í forval vegna lokaðs útboðs fyrir nýtt flugskýli Landhelgisgæslu Íslands við Nauthólsveg á jaðri Reykjavíkurflugvallar. Útboðið felst í verkfræðihönnun og framleiðslu á burðargrind úr límtré ásamt samlokueiningum á þak og vegg. Áætlað er að flugskýlið verði tilbúið til notkunar um mitt næsta ár.

Húsið verður um 39 m breitt, 39 m langt, vegg hæð á langhlið um 8 m og mænishæð um 12 m.

Vörurnar afhendast á byggingarstað.

Áhugasamir aðilar geta fengið kröfulýsingu hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á dsp@efla.is frá og með 27. september.

Áhugasamir aðilar sem telja sig geta útvegað vörurnar sendi gögn um það til EFLU fyrir kl. 14:00 þann 11. október 2021. Aðilum sem metnir verða hæfir verður gefið færi á að bjóða í vörurnar.

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér endurauglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Deiliskipulagstillaga – Hemrumörk, landnúmer 163356

Deiliskipulagið tekur til 9.000 m2 svæðis úr 182 ha landi lögbýlisins Hemrumarkar (landnr. 163356) í Skaftártungu, Skaftárhreppi. Í deiliskipulagi þessu er gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir fjórar byggingar. Þannig er gert ráð fyrir byggingu eins íbúðarhúss auk tveggja gestahúsa og vélageymsluhúss.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 23.september til og með 4.nóvember 2021. Tillagan er til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is.

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið bygg@klaustur.is eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhofth@gmail.com

www.bernhofth.is

EYJALIND

Gúmmíbelti - Fyrir smágröfur



Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaðþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is